

Oliver

Höfundur texta og mynda: Birgitta Sif (Íslandi)
Þýðandi: Sigprúður Gunnarsdóttir
Mál og menning, 2012. Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2013.

Söguþráður: Ólíver er lítill sérstakur strákur sem leikur sér bara að tuskudýrunum sínum. Tuskudýrin fylgja honum um allt og eru hluti af daglegu lífi hans. Einn góðan veðurdag breytist Ólíver. Það vantar eitthvað. Allir þurfa á vini að halda, líka Ólíver.

Efnisorð: einsemd, vinátta, leikir, ímyndunarafli, gáski, leikföng, daglegt líf, þroski

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Hvað er strákurinn Ólíver að gera? Það væri gaman ef barnið héldi á uppáhaldstuskudýrinu sínu á meðan þið skoðið bókina.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvað eru mörg tuskudýr í leikskólanum? Takið þau með ykkur í lestrarstundina.
3. Með hvað finnst Ólíver gaman að leika sér?
4. Átt þú líka tuskudýr sem þú heldur upp á? Hvaða dýr er það?
5. Tvær gráar mýs koma oft fyrir í bókinni. Finnurðu þær? Hvað sérðu hin tuskudýrin hans Ólívers oft? (Dreka, bangsa, fjóluþlúa fígúru)
6. Í bókinni eru mörg dýr. Finnurðu krókódíla, mýs, skjaldbökur, kanínur, lömb, fila?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Höfundur nefnir í byrjun að Ólíver sé svolítið sérstakur. Hvað þýðir sérstakur? Finnst þér líka Ólíver vera sérstakur? Þekkirðu krakka sem minna á Ólíver?
2. Ólíver líður best þegar hann er einn út af fyrir sig. Honum finnst ekki gaman að vera innan um önnur börn. Líður þér stundum þannig?



ISBN 978-952-7486-47-4

3. Hversu mikilvægir eru vinir? Er hægt að vera án vina?

4. Hvers vegna heldurðu að Ólíver láti sig stundum hverfa?

5. Ólívía á líka tuskudýr sem fylgir henni um allt. Hvaða dýr er það?

6. Átt þú líka uppáhalds tuskudýr? Hvenær þarftu mest á tuskudýrinu að halda?

7. Er margt fullorðið fólk í bókinni?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu myndstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Taktu eftir fólkinu í bókinni. Sérðu einhvern sem bregður fyrir aftur og aftur?
3. Einn góðan veðurdag breytist Ólíver. Hvenær gerist það og hvers vegna?
4. Þegar Ólíver felur sig undir borði er veisla í herberginu. Fullorðna fólk virðist vera óröleggt. Af hverju ætli það sé?
5. Ólíver sýnir mismunandi tilfinningar í bókinni. Hvenær líður honum vel, hvenær er hann leiður? Finndu mismunandi tilfinningar á myndunum?
6. Hvenær hittast Ólíver og Ólívía fyrst? Heldurðu að þau eigi eftir að verða bestu vinir? Af hverju heldurðu það?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:


Egill spámaður. Höfundur: Lani Yamamoto

Ud af det blå. Höfundar: Rebecca Bach-Lauritsen og Anna Margrethe Kjærgaard

MÁLAMOLI

"Skjaldbaka"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenka	finnska	norðursamíska
Sköldpadda			Skjaldbaka			Kilpikonna	
	Skildpadde			Skaldbøka			Galbarihcci
		Skilpadde			Saaniluk		



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)